



# LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

6. árg. 1997 2. töl.

**Ferð til Skotlands í haust**

**Kjarnaskógur 50 ára**

**Nýjar trjátegundir í íslensku flórunni**

# Engin nyrðri mörk alaskavíðis til hér á landi



Úr Akurgerði en þar hófst ræktun fyrir u.þ.b. 40 árum. Mynd: B.J. (S.Í.)



Nokkrir úr stjórn Sk. N-Þingeyinga á land-græðsluskógasvæðinu á Raufarhöfn. Mynd: B.J. (S.Í.)

Síðastliðið haust fór Laufblöðungur í yfirlitsferð um ræktunarsvæði Skógræktarfélags N-Þingeyinga. Skilyrði á svæðinu eru æði misjöfn enda er umdæmi félagsins víðfeðmt, Félagið getur státað af mjög fallegum skógarreit, Akurgerði, sem er sannkölluð útivistarperla. Brýnasta verkefnið þar er umhirða og bætt aðgengi, s.s. stígagerð, skilti og merkingar. Önnur ræktunarsvæði á vegum félagsins eru yngri og má segja að ræktun hafi fyrst farið af stað að einhverju marki í Landgræðsluskógum árið 1990. Frá því að verkefni um Landgræðsluskóga hófst hefur verið gróðursett á vegum félagsins í fimm

landgræðsluskógasvæði, Ássand, Kópasker, Raufarhöfn, Pistilfjörð og Þórshöfn. Á þessum svæðum hafa verið gróðursett ymsar tegundir.

Á Ássandi er mjög áhugaverður árangur að koma í ljós á lerkí og birki. Þetta svæði er mjög stórt og hægt að vinna að mikilli gróðursetningu með einföldum og ódýrum aðferðum, m.a. með hjálp lúpínu. Þess má einnig geta að á Ássandi hafa einnig verið lagðar út tilraunir á vegum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins og verður áhugavert að fylgjast með þeim á næstu árum. Á öðrum svæðum félagsins hefur

aðaláherslan verið lögð á víðitegundir enda er um að ræða sjávarpláss þar sem fátt annað kemur til greina. Óhætt er að segja að víðitegundir sé hægt að rækta alls staðar á ofangreindum stöðum með rétttri umhirðu og undirbúningi. Af þessum stöðum virðist alaskavíðirinn vaxa hvað best á Þórshöfn enda er jarðvegur þar víða nægur. Það er vel hugsanlegt að hægt verði að rækta ýmislegt annað í skjóli víðiskóganna þegar fram líða stundir en enn um sinn verður það fyrst og fremst víðibálkurinn sem á eftir að verða íbúnum til skjóls og ánægju.

**HÖFUM  
TIL SÖLU**

Fallegt birki,  
greinamikinn  
90 sentimetra  
háan glámispil  
og fleiri tegundir  
runna og trjáa.

Gróðrarstöðin  
**SKULD**  
Lynghvammi 4, Hafnarfirði  
Sími: 565 1242



Bændur-landeigendur  
**GIRÐINGAREFNI  
Í ÚRVALI**

ÚRVAL  
GÆÐI  
HAGSTÆTT  
VERÐ

Túngirðingarnet, netstaurar,  
gaddavír og rafgirðingarefni

Við leggjum **rækt** við ykkar **hag**

**MR búðin • Laugavegi 164**  
Símar : 551 1125 • 552 4355 • Fax : 581 4450

# Nýjar trjátegundir í íslensku flórunni

Íslenska flóran er sérlega fátæk af trjátegundum og aðeins þrjár tegundir trjáa hafa vaxið hér frá því fyrir landnám. Það eru birki, ilmreynir og blæösp. Óvíst er hvort blæöspin hefur verið í landinu svo lengi þar sem hún finnst aðeins á fáum stöðum á Austur- og Norðurlandi. Á seinni hluta þessarar aldar hefur verið flutt inn mikið af erlendum trjátegundum og hafa sumar þeirra numið land, þ.e.a.s. borið þroskað fræ, sáð sér út í óunnið land og getið af sér lífvænleg og heilbrigð afkvæmi án nokkurrar utanaðkomandi hjálpar nema friðunar fyrir beit.

Fyrir nokkrum árum kom út skrá yfir villtar plöntur og slæðinga á Íslandi, sem tekin var saman af Náttúrufræðistofnun Norðurlands (Anon., 1980). Þegar listinn er skoðaður er undarlegt að sjá þar ekki fleiri trjátegundir, því að vitað er að margar þeirra hafa sáð sér víða á friðuðu landi.

Af um 200 trjátegundum sem reyndar hafa verið hér á landi hafa rúmlega 30 þeirra borið þroskað fræ einu sinni eða oftar. Þar af hafa 17 náð að nema land og ættu því að fá sinn sess í íslensku flórunni.

Upplýsingarnar í meðfylgjandi töflu eru byggðar á eigin athugun og öðrum sem rekist hafa á sjálfsáningar. Í töflunni eru

engar runnategundir og þar með undanskildar allar víðitegundir nema víðja og selja en þess má geta að sjálfsánar plöntur og kynblendingar af víðitegundum finnast á mörgum stöðum á landinu eins og áður hefur komið fram í Laufblaðinu.

Endurnýjun með rötarskotum er ekki talin með, en nokkrar tegundir mundu bætast við skrána ef svo væri, t.d. gráölur, balsamösp og nóturösp.

Ofangreind upptalning útilokar ekki fleiri dæmi því vel getur verið að fleiri tegundir hafi náð að fjölga sér án þess að nokkur hafi tekið eftir því. Það vekur undrun að ýmis lauftré, s.s. silfurreynir, gráreynir, úlfareynir, gráelri og álmur, sem hafa verið áratugi í ræktun og oft borið þroskað fræ, hafa ekki náð að vaxa upp af sjálfsdáðum svo vitað sé.

Ef lesendur hafa upplýsingar um sjálfsáningu innfluttra trjáa og runna væri afar mikilvægt að þeir hefðu samband við undirritaðan þannig að hægt verði að fylgjast nánar með hvernig landnám trjáa og runna hér á landi gengur fyrir sig.

*Þórarinn Benediktz, sérfræðingur,  
Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins, Mógilsá.*



*Sjálfsáð rússalerki við Jökullæk á Hallormsstað.  
Mynd: Sigurður Blöndal (S.r.)*

Tegund	Fyrst skráð	Fundarstaður	Á hve mörgum stöðum finnast sjálfsáningar
<b>I- Barrtré:</b>			
Fjallafura	fyrir 1960?	Þingvellir	3+
Broddfura	1977	Húsmæðraskólinn, Hallormsstað	1
Lindifura	1978	Mörkin, Hallormsstað	2
Stafafura	1976	Atlavíkurstekkur, Hallormsstað	10+
Skógarfura	1990	Vaðlareitur í Eyjafirði	2-3?
Sitkagreni	1970?	Múlakot í Fljótshlíð	6+?
Blágreni	1983	Mörkin, Hallormsstað	1
Rauðgreni?	1977	Mörkin, Hallormsstað	1
Rússalerki	1966	Guttormslundur, Hallormsstað	1-2
Síberíulerki	1978-79	Vaðlareitur í Eyjafirði	3-4
Fjallaþinur?	1994	Mörkin, Hallormsstað	1
<b>II- Lauftré:</b>			
Garðahlynur	1948?	Reykjavík	?
Víðja	7	Reykjavík	mýmörg
Selja	7	Mógilsá, Kjalarnesi	?
Alaskaösp	1984?	Laugarás; Hvammur í Skorradal	2+
Heggur	f.1980	Akureyri	1?
Sitkaelri	1995-6	Hveragerði; Skógey, Hornafirði	2



*Sjálfsáin stafafura í Vaðlaskógi í Eyjafirði.  
Mynd: Þórarinn Benediktz (R.S.r.).*

## LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands.  
6. árgangur, 2. tölublað, júní 1997.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands.

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Ritstjóri: Arnór Snorrason.

Forsíðumynd: Úr Hólaskógi í Hjaltadal.

Mynd: J.G.P. (S.Í).

Prentvinnsla. PRENTHÖNNUN ehf.

Gefið út í 7500 eintökum.

# Úttekt á gróðursetningum vegna Landgræðsluskóga haustið 1996

Síðastliðið haust var kannað ástand gróðursetninga frá 1991 og 1992 á níu landgræðsluskógasvæðum víða um land. Á þessum svæðum hefur verið fylgst með sömu plöntum frá gróðursetningu og voru þau áður heimsótt vor og haust 1992 og haustið 1993. Um 3600 plöntur voru í því úrtaki sem fylgst hefur verið með allan tímann, flestar gróðursettar 1991 og 1992 en einnig smávegis íbætur frá 1993. Úttektin var gerð á vegum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá eins og þær fyrri. Skógræktarfélag Íslands lagði til hluta ferðakostnaðar og er því hér með þakkaður stuðningurinn.

## Ástand gróðursetninganna

Rúmlega **60%** gróðursettu plantanna voru enn lifandi haustið 1996, sem er allmikil rýrnun frá haustinu 1993 þegar yfir 80% plantanna voru lifandi. Þetta kom nokkuð á óvart, því við höfðum áður haldið að afföll yrðu langmest fyrstu eitt til tvö árin eftir gróðursetningu, en miðað við þessa reynslu eru afföll að koma fram á lengri tíma. Fram kom mikill munur á tegundum, að meðaltali voru **71%** birkiplantna, **63%** furuplantna, en aðeins **46% lerkiplantna** lifandi haustið 1996.

Þegar lítið er á lífsþrótt, vöxt og hlutfall lifandi plantna kom birkið jafnbest út. Einkum var ástand birkisins gott þar sem það hafði fengið einhvern áburð. Yfirleitt var ástand furuplantna lélegt í rýru landi landgræðsluskógasvæðanna. Ástand lerkis var yfirleitt nokkuð gott á Norðurlandi en á Suðurlandi voru mjög mikil afföll af lerkinu.

Ein þeirra spurninga sem brýnt var talið að svara með þessari úttekt varðaði það hvort plönturnar sem gróðursettar voru á árunum 1991-92 séu orðnar sjálfbjarga eða hvort leggja þurfi í aðgerðir eins og t.d. áburðargjöf til að koma þeim betur á legg. Víða mátti finna plöntur sem eru farnar að vaxa mjög vel en því miður voru þó einnig dæmi um hið gagnstæða: þróttlittlar plöntur sem höfðu lítið vaxið síðustu þrjú árin. Við mat á lífsþrótti kom fram að **70%** eftirlifandi plantna höfðu góðan eða mikinn þrótt. Má telja líklegt að þær séu nú orðnar sjálfbjarga.

**Þættir sem hafa áhrif á árangur Frostlyfting** dró verulega úr lífslíkum þeirra. Frostlyfting gróðursettra plantna var eðlilega mest í ógrónu landi svo sem melum og flögum og einnig í grámosa. Hins vegar var nær engin frostlyfting í slíku landi ef gróðursett var með skóflu og búfjárúborði blandað í jarðveginn.

**Áburðargjöf** virtist skipta miklu um afkomu gróðursettu plantanna. Þær birkiplöntur sem fengu búfjárúborð báru af. Notkun tilbúins áburðar skilaði einnig minni afföllum og stærri plöntum en engin áburðargjöf. Bestur var árangur af áburðargjöf þegar borið var á við gróðursetningu og áhrif þeirrar áburðargjafar virðast endast nokkuð lengi. Þar sem borið var á einhverjum árum eftir gróðursetningu virtist vanta mikið upp á að allar plönturnar nytu góðs af áburðargjöfinni. Einkum voru það litlar og veikburða plöntur, þær sem þurftu kannski einna mest á áburðinum að halda, sem gleymdust.

**Vönduð vinnubrögð við gróðursetningu** hafa einnig mjög mikið að segja. Þar sem illa var gróðursett voru aðeins 30% plantanna lifandi 4 árum seinna miðað við rúm 60% þar sem gróðursetningin var í lagi.

Á nokkrum stöðum sáust ummerki um

**nag ranabjöllur** á dauðum plöntum. Þar sem plönturnar voru hvað lélegastar var algengt að þær væru jafnframt lausar, sem benti til þess að rötakerfið væri orðið verulega skert af völdum ranabjöllur. Sem dæmi má nefna að á einum stað var hægt að rekja fjórðung affalla til þess.

## Lokaorð

Hér á undan hefur verið stiklað á stóru um niðurstöður úttektarinnar, en síðar á árinu verður gefin út skýrsla á vegum Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá, þar sem gerð verður ítarlegri grein fyrir niðurstöðunum.

Það var ánægjulegt að heimsækja landgræðsluskógasvæðin og sjá hvað gróðursetningarnar hafa tekið við sér á þessum tíma. Hið mikla starf sem unnið hefur verið skilar árangri eins og þessi könnun sýnir. Þó afföll plantna séu nokkur eru rúmlega 70% eftirlifandi plantna kröftugar og líklega orðnar nokkuð sjálfbjarga. Með tímanum munu þessar plöntur hafa bætandi áhrif á umhverfi sitt og bera fræ og þá mun árangurinn margfaldast.

Ása L. Aradóttir og Jámgerður Grétarsdóttir, sérfræðingar hjá Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá.



**Birkiplanta gróðursett með skóflu og skít í landgræðsluskógum. Takið eftir því hve plantan er þróttmikil og vel haldin. Mynd: A.S.(S.I).**

# HÖFUM OPNAÐ PLÖNTUSÖLUNA



SKÓGARPLÖNTUR  
Í ÚRVALI



BIRKI Í BK.  
KR. 1.180-

ERT ÞÚ TILBÚIN(N)  
MEÐ ÞÍNA  
RÆKTUNARÁÆTLUN ?

Aldrei meira úrval af  
skógar- og  
garðplöntum,  
sumarblómum,  
verkfærum, mold  
o.fl. o.fl.  
Kynntu þér úrvalið.  
Sendum um allt  
land.

NÝJUNG  
Á SÖLUHLAÐI



VEFJARÆKTAÐAR  
HNAUSPLÖNTUR

## Fossvogsstöðin

PLÖNTUSALAN Í FOSSVOGI

Fossvogsbletti 1 (fyrir neðan Borgarspítala) Opið kl. 8 - 19. helgar kl. 9 - 18. Sími 564 1777  
Veffang <http://www.centrum.is/fossvogsstodin>

LEIÐBEININGAR - RÁÐGJÖF - ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG

# Kjarnaskógur 50 ára



Skógardagur í Kjarnaskógi. Jón Þórðarson, stjórnarmaður í Skf. Eyfirðinga, býður Leiti Guðmundssyni hressandi ketilkaffi. Mynd: H.I.(S.E.).

Á þessu ári eru 50 ár síðan Skógræktarfélag Eyfirðinga hóf skógrækt í Kjarnalandi við Akureyri og kom á fót Gróðrarstöðinni í Kjarna.

Skógræktarfélag Eyfirðinga sem upphaflega hét Skógræktarfélag Íslands var stofnað 11. maí 1930. Það er því elsta starfandi skógræktarfélag á landinu. Fyrstu verkefni félagsins voru friðun þeirra skógarleifa sem þá voru í Eyjafirði. Næsta verkefni var að koma á fót ræktunarstöð fyrir trjáplöntur.

Árið 1947 keypti félagið 20 ha erfðafestuland í Kjarna við Akureyri, þar var hafist handa við framkvæmdir á vordögum sama ár. Markmiðið með Gróðrarstöðinni í

Kjarna var upphaflega að rækta þær trjáplöntur sem Skógræktarfélagið þarfnadist í sína skógarreiði.

Nú eru framleiddar um 500.000 plöntur af ýmsum tegundum og kvæmum í gróðrarstöðinni og framleiðslan dreifist um allt land. Jafnframt því að byggja upp gróðrarstöðina var hafist handa við útplöntun trjáa í Kjarnaland. Fyrstu gróðursetningarnar eru nú hluti af skógi vöxnu útivistarsvæði í Kjarna.

Skf. Eyfirðinga mun á þessu ári minnst afmælisins með dagskrá og kynningu á starfsemi félagsins.

*Hallgrímur Indriðason, framkvæmdastjóri*

*Skf. Eyfirðinga.*

## SKRÁIÐ VERK YKKAR! VORHUGUR

**Dagbók fyrir sumarbústaðaeigendur, garðeigendur, skógræktarféлага og alla aðra áhugasama ræktendur.**

Allt of oft situr á hakanum að fólk skrái upplýsingar um ræktun sína. Þannig hrekkur það oft upp að nokkrum árum liðnum þegar í ljós kemur að hluti trjána vex og dafnar með ágætum, meðan annað koðnar niður. Þá kemur á daginn að ekki eru til neinar upplýsingar um plönturnar sem voru gróðursett, né hvernig um þær var hirt.

Til þess að einfalda fólk þetta verk hefur Skógræktarfélag Íslands samið handhæga

dagbók þar sem hægt er að skrá ýmsa þætti ræktunarinnar. Bókin hefst á hvatningu Sigurðar Blöndals fyrrverandi skógræktarstjóra: „Skráið verk ykkar!“, en síðan er henni skipt í nokkra kafla til útfyllingar um hina ýmsu þætti ræktunarinnar. Þar eru dregin fram þau aðalatriði sem menn þurfa að skrá hjá sér og skipta máli.

Þessu blaði fylgir pöntunarblað fyrir bókina sem hægt er að setja ófrímerkt í póst. Hvetjum við alla lesendur til að verða sér úti um eintak af bókinni og skrá reglulega verk sín í garðinum.

## Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins:

Almenna Verkfræði & teiknistofan  
Andakílshreppur  
Apótek Blönduóss  
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga  
Ásubúð  
Barnafataverslunin Bambi  
Barnaskólinn á Sauðárkróki  
Básafell hf  
Bifreiðaverkstæðið Baugsbrot sf  
Bílaröst ehf  
Bílaverkstæði Guðjóns  
Blönduósbær  
Borgarbyggð  
Bóka & byggðasafn N-Þingeyinga  
Bókhalds & tölvuþjónustan sf  
Brautín bílaleiga-verkstæði  
Búnaðarbanki Íslands  
Búnaðarfélag Biskupstungna  
Búnaðarfélag Lundarreykjadalshrepps  
Búnaðarfélag Reykdæla  
Búnaðarfélag Reykjarfjarðarhrepps  
Búnaðarsamband A-Húnavatnssýslu  
Búnaðarsamband Skagfirðinga  
Búvangur ehf  
Byggðasafn Akraness  
Bæjar & héraðsbókasafn Akraness  
Bæjarhreppur  
Dalbrún ehf  
Dragi ehf  
Ebeneser Þórarinnsson ehf  
Efnalaug Sauðárkróks  
Efnaverksmiðjan Sjöfn  
Eiði ehf  
Eik sf Listiðja  
Engihlíðarhreppur  
Eyja & Miklaholtshreppur  
Eyrarsparisjóður  
Ferðamálafélag Dalasýslu  
Ferðamálafultrúi Akraness  
Ferðaþjónusta bænda Syðri- Vík  
Ferstíkluskáli  
Félagskaup hf  
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra  
Flóki ehf  
Flugleiðir innanlands  
Flutningamiðstöð Vestfjarða  
Framköllunarþjónustan  
Frár ehf  
Friðrik Jónsson ehf  
G.S. verktakar ehf  
Gagnfræðaskólinn á Sauðárkróki  
Garðyrkjustofan Rein sf  
Garðyrkjustöð Birgis S. Birgissonar  
Gámaþjónusta Vesturlands ehf  
Geiri Péturs ehf  
Gistiheimili Áslaugar  
Glerslípun Akraness hf  
Glítnir ehf  
Gná hf  
Gólan ehf  
Gróðrarvon sf  
Grunnskóli Bíldudals  
Grunnskóli Blönduóss  
Grunnskólinn á Þingeyri  
Grunnskólinn Flatay

# Seyðfirðingar í mikilli sókn

Þetta fallega rússalerki vex á skógræktarsvæði Skógræktarfélags Seyðisfjarðar. Svæðið er kallað Hjallar og er innan og ofan við byggðina sunnan ár. Lerkið var gróðursett 1990 og hefur náð á sjö árum upp undir mannhæð sem er virkilega góður vöxtur.

Landgræðsluskógasvæði Seyðfirðinga er fyrir ofan og utan bæinn í suðurhlíðum fjarðarins. Það land er nú að verða fullplantað og félagið hefur því hug á að stækka svæðið, annaðhvort inn dalinn sunnan megin eða byrja að gróðursetja í hlíðar Bjólfsins norðan Fjarðarár.

Eins og margir kannast við úr fréttum eru hlíðar Bjólfsins snjóflóðasvæði og stendur til að reisa þar snjóflóðavarnir. Samfara því væri upplagt að klæða hlíðarnar trjágróðri því að tæplega verða á því svæði reist frekari mannvirki.

Það er samt ljóst að ef af þessum áformum verður er nauðsynlegt að skipuleggja skógræktina dyggilega til þess að ræktunin sé í eins lítilli hættu og unnt er.

Vonandi verða þessi áform að veruleika þannig að Seyðfirðingar muni í framtíðinni hafa skógi klæddar hlíðar bæði norðan og sunnan Fjarðarár.



Myndarlegt sjö ára rússalerki á Seyðisfirði.  
Mynd: Emil Emilsson.

## GÆÐAMOLD í garðinn þinn Garðaúrganginn burt

Við færum þér  
gæðamold og  
flytjum garða-  
úrganginn burt  
í jarðvegsbanka.  
Einfalt og  
umfram allt  
umhverfisvænt.


Upplýsingar  
í síma 568 8555



**GÁMAÞJÓNUSTAN HF.**

BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Súðarvogur 2, Pósthólf 4273, 124 Reykjavík  
Sími 568 8555, Fax 568 8534



340 litmyndir  
80 skýringamyndir  
fjöldi garðteikninga

## Bókin um garðinn

Fyrsta íslenska bókin sem fjallar  
einkum um hönnun garðsins,  
fjölbreypni í skipulagi og efnisvali.  
Vegleg bók, 208 síður.

Sendum hvert sem er  
gegn póstkröfu



**Garðyrkjufélag Íslands**

Frakkastígur 9, 101 Reykjavík, sími og fax 552 7721

# FJÖLBREYTT FRÆÐSLUSTARF

## Samstarf við Búnaðarbankann um fræðslustarf

Í vetur var undirritaður samstarfssamningur milli Skógræktarfélags Íslands og Búnaðarbanka Íslands um átak í fræðslu og leiðbeiningamálum. Helstu þættir þess voru kynntir lesendum Laufblaðsins með sérstökum fræðslubæklingi sem fylgdi síðasta Laufblaði.

Haldin hafa verið fræðslukvöld einu sinni í mánuði í vetur. Þátttaka hefur verið góð og húsfyllir verið í öll skiptin. Stefnt er að því að taka upp þráðinn aftur í haust og gangast fyrir opnu húsi á sama hátt. Er búið að tímasetja fræðslukvöldin og mun Eiríkur Jensson ríða á vaðið 16. september með erindi um skógarsveppi.

Einnig hafa verið haldin námskeið í skóg- og trjárækt, sérstaklega ætluð sumar- bústaðaeigendum. Haldin verða fjögur slík námskeið og eru um 40 þátttakendur bókaðir á hvert.

Á vor og sumar eru fyrirhuguð fjölda-

mörg námskeið og skógargöngur sem eru kynnt hér á opnunni og allt áhugasamt ræktunarfólk er hvatt til að nýta sér.

Í haust er stefnt að framhaldsnámskeiðum sem auglýst verða síðar.

## Skógarferðir í samvinnu við Ferðafélag Íslands

Í sumar og haust er stefnt að þremur kynnisferðum í samvinnu við Ferðafélag Íslands.

Í ferðunum á að heimsækja og skoða áhugaverða skóga út um landið. Fyrirhugaðar eru tvær dagsferðir, sú fyrri upp í Borgarfjörð en sú síðari á Suðurland. Í september er síðan stefnt að haustlitaferð í Bæjarstaðaskóg og yrði gist eina nótt í Freysnesi í Örfæum.

## Námskeið fyrir flokks- og verkstjóra vinnuskólanna

Í ár mun Skógræktarfélag Íslands halda námskeið í skóg- og trjárækt fyrir flokks- og verkstjóra vinnuskólanna. Námskeiðið verður



Moritz W. Sigurðsson bankastjóri og Gunnar Már Hauksson frá Búnaðarbanka Íslands ganga frá samstarfssamningum við Huldu Valtýsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur frá Skógræktarfélagi Íslands. Mynd: JGP (SÍ).

haldið á 12-13 stöðum allt í kringum landið núna í vor, áður en vinnuskólarnir hefjast handa. Þessi námskeið hafa verið haldin reglulega undanfarin ár og hafa um 200 manns sótt þau árlega. Þau eru styrkt af Atvinnuleysis- tryggingasjóði, en skógræktarverkefni eru víða tengd sérstökum atvinnuáttaksverkefnum sveitarfélaganna.

**Græðum landið fyrir framtíðina**

Áburðarverksmiðjan býr að 40 ára reynslu og þekkingu í framleiðslu áburðar. Þar eru nú framleiddar 16 tegundir af tilbúnum áburði. Auk þess hefur verksmiðjan á boðstólum innfluttan áburð í úrvali.

Stuðlum að því að græða landið fyrir okkur og komandi kynslóðir.



ÁBURÐARVERKSMIDJAN HF.

ARINHLEÐSLA  
MÚRVIÐGERÐIR  
GLERVEGGJAHLEÐSLA  
FLÍSALAGNIR



SIGURBJÖRN E. LOGASON  
MÚRARAMEISTARI  
Fannafold 66a • sími 567 6245



# SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

## Námskeið skógræktarfélaganna

Eftirtalin skógræktarfélög halda eins dags eða tveggja kvölda námskeið fyrir áhugamenn í skóg- og trjárækt nú í vor.

- Skógræktarfélag Mosfellsbæjar (var haldið 12. og 14. maí)
- Skógræktarfélag Garðabæjar, (var haldið 5. og 6. maí)
- Skógræktarfélag Akraness
- Skógræktarfélag Skilmannahrepps
- Skógræktarfélag Borgarfjarðar
- Skógræktar- og landverndarfélagið undir Jökli, Hellissandi og Rifi
- Skógræktarfélag Dalasýslu
- Skógræktarfélag Barðastrandar
- Skógræktarfélagið Limgarður, Tálknafirði
- Skógræktarfélag Dýrfirðinga
- Skógræktarfélag Strandasýslu
- Skógræktarfélag Skagfirðinga
- Skógræktarfélagið Landbót, Vopnafirði
- Skógræktarfélagið Nýgræðingur, Stöðvarfirði
- Skógræktarfélag Djúfavogs
- Skógræktarfélag Rangæinga
- Skógræktarfélag Hveragerðis
- Skógræktarfélag Suðurnesja

## Skógargöngur á höfuðborgarsvæðinu

Skógræktarfélagin ætla að kynna í sumar ræktunar- og útivistarsvæðin á útmörkum höfuðborgarsvæðisins sem kallast hafa samheitinu „Græni trefillinn“. Skipulagðar hafa verið í samvinnu við Ferðafélag Íslands göngur sem eru við allra hæfi og munu staðkunnugir leiðsögumenn fræða göngumenn um það sem fyrir augu ber. Göngurnar hefjast klukkan 20.30 (ath.: göngur 22/5 og 29/5 hefjast kl. 20.00 og ganga 16/8 er á laugardegi) og verður gengið sunnan úr Hafnarfirði og að Mógilsá. Fólk mætir sjálft á upphafsstað, en þar sem gangan endar bíður rúta og ekur fólk til baka. Gjald í rútna kr. 500 úr Mörkinni 6, kr. 300 frá upphafsstað en ókeypis fyrir börn undir 12 ára.



Dagur	Gönguleið (frá - til)	Skógræktarfélag
1. 22. maí	Undirhlíðar - Kaldársel	S. Hafnarfjarðar
2. 29. maí	Kaldársel - Hvaleyrarvatn	S. Hafnarfjarðar
3. 5. júní	Hvaleyrarvatn - Vífilsstaðahlíð	S. Garðabæjar
<i>Mæting við innkomu á skógræktarsvæðið í Gráheluhrauni við skiltið</i>		
4. 12. júní	Vífilsstaðahlíð	S. Reykjavíkur
<i>Mæting við Mariuhella</i>		
5. 19. júní	Heiðmörk	S. Reykjavíkur
<i>Gangan hefst við tjaldsvæðin í Hjalladal</i>		
6. 26. júní	Heiðmörk	S. Reykjavíkur
<i>Mæting við gatnamót Heiðarvegur og Hjallabrautar ó Heiðmörk</i>		
7. 3. júlí	Heiðmörk	S. Reykjavíkur
<i>Gangan hefst við áningarstaðinn við Helluvatn</i>		
8. 10. júlí	Lækjarbotnar - Nesjavallavegur	S. Kópav./Reykjav.
<i>Mæting við Waldorfskólann í Lækjarbotnum</i>		
9. 17. júlí	Nesjavallavegur - Hafravatn	S. Mosfellsbæjar
<i>Gengið frá bænum Dal sem er við Nesjavallavegin</i>		
10. 24. júlí	Hafravatn - Reykjalandur	S. Mosfellsbæjar
<i>Mæting við skála Skógræktarfélags Mosfellsbæjar við Hafravatn</i>		
11. 31. júlí	Reykjalundur - Mosfellsdalur	S. Mosfellsbæjar
<i>Mæting við Reykjalandur</i>		
12. 16. ág.	Esjuhlíðar - Mógilsá	Skógrækt ríkisins
<i>Mæting við hús Skógræktarfélagsins á Mógilsá</i>		

# KJÖTMJÖL

*fyrir fallegri og betri gróður*

Kjöttmjöl Afurðasölnunnar Borgarnesi hf. er lífrænn áburður og því mjög hentugur vegna mikils innihalds fosfórs sem styrkir rótarvöxt, köfnunarefnis, kalks, magnesíums auk fjölda annara snefilefna.

Mjölíð leysist hægt upp og gefur þar með næringu í langan tíma.

Tilraunir Landgræðslu Ríkisins benda til að kjöttmjölíð sé ákjósanlegur áburður til landgræðslu og uppbyggingar á gróðursnaudum svæðum.


Afurðasalan Borgarnesi hf. hefur ætíð haft það að leiðarljósi að fullnýta sem mest það hráefni er kemur til vinnslu. Með þróunarstarfi og tilraunum hefur góður árangur náðst á þessu sviði m.a. með framleiðslu á dýrafóðri, bæði í formi lýsis og mjöls.



Kjöttmjölíð hentar mjög vel sem áburður fyrir tré, runna, blóm og undir nýlagt torf

Hafið samband við sölumenn okkar og fáið frekari upplýsingar

Afurðasalan Borgarnesi hf. - S. 437-1190 - Fax 437-1093



• Þýskt vörumerki • Þýskt hugvit • Þýsk framleiðsla

**AEG**  
Uppvottavélar  
**Heimsins  
hljóðlátustu**



**75**  
ára  
1922-1997



B R Æ Ð U R N I R  
**ORMSSON**  
Lögumöla 8 • Sími 533 2800

# Nýjar hugmyndir fæðast í Heiðmörk



**Valdimar Reynisson starfsmaður félagsins stendur hér við eitt af útivistargrillunum.**  
Mynd: V.S. (Skf.R.).



**Bekkur úr klotnum sitkagrenibolum úr Heiðmörk.** Mynd: V.S. (Skf.R.).



**Bekkur úr heilum sitkagrenibolum sem búið er að afbirkja og snyrta.** Mynd: V.S. (Skf.R.).

Eins og flestir vita hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur umsjón með Heiðmörk og þar vinna nokkrir starfsmenn félagsins allan ársins hring. Þeir deyta ekki ráðalausir þegar kemur að því að betrubæta aðstöðuna fyrir hina fjölmörgu gesti Heiðmerkur. Myndirnar sem fylgja hér með sýna nokkra hluti sem þeir félagar hafa hannað og smíðað.

Þar er fyrst að nefna útibekki sem meira að segja eru smíðaðir úr grisjunarviði úr skóginum í Heiðmörk. Myndirnar sýna tvær gerðir en bekkirnir eru til í fleiri útfærslum.

Ein myndin sýnir afar hentugt útivistargrill sem er steipt í móti og síðan í það smíðaðar grindur og lok úr ryðfríu stáli. Vignir Sigurðsson staðarhaldari á Heiðmörk hannaði þetta grill og byggist hönnunin á margra ára reynslu hans á grillaðstöðu í Heiðmörk en þar hafa verið grill af ýmsum gerðum sem gestir hafa notað í gegnum tíðina.

Þetta grill og önnur eins verða sett upp nú í sumar á nokkrum stöðum í Heiðmörk og m.a. var eitt þeirra sett upp og er þegar

komið í notkun við hina nýju áningaraðstöðu sem nú er komin í gagnið við Helluvatn rétt austan við Elliðavatnsbæinn.

Að lokum má geta þess að Skógræktarfélag Garðabæjar keypti tvö grill af þessari gerð sem þeir ætla að setja á sínum útivistarsvæðum.

Þeir sem hafa áhuga á ítarlegri upplýsingum um grillið og fleira hér nefnt geta haft samband við Vigni Sigurðsson í síma 5870120.

## Alaskavíðirinn tekur öllu fram

Á Ólafsfirði var mikið gróðursett af víði í Landgræðsluskógum árið 1990. Árangur er að koma í ljós í brekkunum fyrir ofan bæinn. Einn klónn af alaskavíði, að öllum líkindum S-2B, ber af þessum víðitegundum að vaxtarhraða. Síðastliðið haust var víða að sjá yfir tveggja metra háar plöntur. Þegar haft er í huga að ekki var borinn áburður á plönturnar kemur þessi góði árangur verulega á óvart. Ólafsfjörður er að öllu jöfnu þekktur fyrir að vera snjópungur enda hafa í gegnum árin komið þaðan góðir skíðagarpar. Þessi tiltekni víðir virðist vera að afsanna það sem margir Ólafsfirðingar hafa haldið

að fátt annað en skíðastíkur ættu að sjást upp úr snjónum. Reyndar er ljóst þegar betur er að gáð að innan við bæinn eru mjög fallegir reitir við bústaði þar sem birki, reynivíður og sitkagreni vaxa með ágætum. Skógræktarfélag sem stofnað var fyrir nokkrum árum á Ólafsfirði ætti svo sannarlega að geta byggt á þessum grunni. Bæjarbúar geta ef vel er á málum haldið stóraukið trjágróður og

skóglendi ofan og innan við byggðina.

Það er aldrei að vita nema skilyrði fyrir skíðagöngugarpa eigi eftir að stórbatna á Ólafsfirði þegar skógurinn fer að breiða úr sér á alla kanta.



**Bæjarstjórnin á Ólafsfirði, Halldór Kristjánsson í 6 ára gömlum alaskavíðiskógi, ánaðgur með árangurinn.** Mynd: B.J. (S.L.).

# GÆÐAMOLD Í GARÐINN

Grjóthreinsuð  
mold, blönduð  
áburði, skeljaskalki  
og sandi. Þú sækir  
eða við sendum.  
Afgreiðsla á gömlu  
sorphaugunum í  
Gufunesi.



**GÆÐAMOLD**  
MOLDARBLANDAN – GÆÐAMOLD HF.  
Pöntunarsími 567 4988

## Gróðrarstöðin Tumastöðum í Fljótshlíð

Fjölbreytt úrval af skógarplöntum og garðplöntum fyrir sumarbústaði og heimilisgarða.

Á Tumastöðum er fjölbreyttasta safn víðitegunda á Íslandi. Sérfræðingar leiðbeina um val á tegundum og meðferð einstakra plöntutegunda.

Gerðu þér ferð í Fljótshlíðina, það er þess virði. Aðeins innar í Fljótshlíðinni er Múlakot, þar gefur að líta fjölmargar sjaldgæfar tegundir trjáa. Einnig hæsta tré á Suðurlandi, 20 m há ösp.

**Opið alla virka daga frá kl. 9.00 – 18.00**  
**og í maí og júní á laugardögum kl. 9.00 – 18.00**  
**og á sunnudögum kl. 9.00 – 17.00**  
Sími 487 8345

## Ný sending \* glæsilegt úrval



Nýjar gerðir af gosbrunnum, úti og inni, styttum, dælum og ljósum, garðdvergum, fuglum o.fl. til garðskreytinga

## Vörufell hf.

v/Suðurlandsveg, Helli  
sími 487 5470

Opið 10–18  
laugardaga 10–17

## Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins:

Gull Hafsins  
Gunnarstindur hf  
Hagþjónusta landbúnaðarins  
Hamrar hf Plastiönaður  
Haraldur Böðvarsson hf  
Hárgreiðslustofa Siggu Þrastar  
Héraðsnefnd Skagafjarðar  
Hjólbarðaverkstæðið Ísafirði  
Hótel Djúpvík hf  
Hótel Laugarhóll  
Hótel Norðurljós  
Hraðfrystihúsið hf  
Hrossaræktarsamband Dalamanna  
Húsgagnahöllin  
Hvalfjarðarstrandarhreppur  
Höfðahreppur  
Ingey sf  
Ísfang hf  
Íþróttakennaraskóli Íslands  
Jarðanefnd N-Pingeyjarsýslu  
Kallmúli ehf  
Kaupfélag Héraðsbúa  
Kaupfélag Skagfirðinga  
Kaupfélag Steingrímsfjarðar  
Kaupfélag Vestur-Húnavetninga  
Korri útgerðarfélag  
Króksverk hf  
Kvistur byggingavörur  
Landsbanki Íslands  
Laxeyri ehf  
Litlu-Laugaskóli  
Líkkistuvinnustofa Jóhanns  
Ljósbrá-gistihús Hveramörk 14  
Loftorka Borgarnesi ehf  
Lyfsalan Hólmavík  
Lögreglufélag Norðurlands  
Magnús H. Ólafsson arkitekt  
Marska ehf  
Matborg  
Matvörubúðin hf  
Mjölverksmiðja hf  
Neshjúpur sælgætisgerðin Zebra  
Netagerð Vestfjarða  
Norðausturleið ehf  
Norðurnet ehf  
Norðurvík hf  
Nudd & snyrtistofa Lilju  
Oddi hf  
Pípulagnaverktakar  
Pípulagnaþjónusta Hafþórs  
Pólli- Tálknafirði  
Póstur & sími  
Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf  
Rafnes sf  
Raftó ehf  
Rafvélaverkstæði Sigurðar  
Reiknistofa Vestfjarða  
Reykhólaskóli  
Reykjalundur  
Ræktunarsamband Landeyja  
Ræktunarsamband Suður-Dala  
Safnhús Borgarfjarðar  
Samvinnuháskólinn á Bifröst  
Sauðárkróksbakarí  
Sementsverksmiðjan á Akranesi  
Siglufjarðarkaupstaður  
Sigurður Ágústsson hf

# Jarðvegur er ekki bara mold!

Flestar plöntur sem vaxa í melum og skriðum eru smávaxnar, enda þjást þær yfirleitt af næringarskortum. Mest skortir á að nægjanlega mikið sé af köfnunarefni (nitri=N) í rýrum jarðvegi og mjög víða er skortur á aðgengilegum fosfórsamböndum. Þetta sést best á því að þegar áburði er dreift á mel taka melaplönturnar vaxtarkipp og blómstra oft líka mun meira en venjulega.

Sem betur fer eru nokkrar plöntutegundir sem vaxa vel í næringarsnauðum jarðvegi. Ljónslappi er oft ótrúlega gróskumikill í skriðum og lúpína á melum. Kjarkenndar elritegundir, eins og sitkaölur, kjarrölur og grænölur vaxa betur í gróðursnauðu landi en í vel grónu landi og vöxtur lerkis í „steindauðum“ jarðvegi líkist helst kraftaverki.

Þegar menn standa frammi fyrir kraftaverki er hollt að spyrja eins og heimspekingurinn David Hume: „Hafa lögmál náttúrunnar verið numin úr gildi eða er um þekkingarskort að ræða af minni hálfu?“

Þó talsvert skorti á þekkingu okkar á náttúrunni, þá er ýmislegt vitað. Til dæmis það að lúpína og hennar ættingjar mynda sambýli við niturbindandi bakteríur og elritegundir og runnar eins og hafþyrnir, silfurblað og vísundaber mynda svipað sambýli við niturbindandi geislasveppi. Á þessum



Rússalerki á Ássandi í Kelduhverfi. Sandurinn er afar rýr og jarðvegslauss en lerkinn virðist aldrei líða betur. Mynd: J.G.P. (S.I.).

tegundum myndast sérstök líffæri á rótum plantanna, rótarhnyði sem hýsa hinar niturbindandi örverur. Örverurnar framleiða svo köfnunarefnisáburð inni í plöntunum sem þær vinna beint úr andrúmsloftinu Ljónslappi og lerki hafa engin slík rótarhnyði en þurfa ekki síður á nitursamböndum að halda.

Einnig er vitað að ýmsar tegundir sveppróta mynda oxalásýru, sem losar um fosfór í jarðveginum. Lerkisveppurinn myndar öfluga svepprót á lerki og einnig eru svepprætur á eiri og reyndar á mjög mörgum öðrum plöntutegundum. Hversu duglegar þær allar eru að losa um fosfórsambönd er ekki þekkt, eflaust misduglegar.

Hvaðan fá þá ljónslappi og lerki köfnunarefnið, sem þær þurfa ekki síður á að halda en lúpína? Svepprætur auka yfirborð róta og þar með alla upptöku vatns og næringarefna sem eru uppleyst í því, en þær búa ekki til nitursambönd úr nitursnauðum jarðvegi.

Einn þáttur er ónefndur enn; vaxtaraukandi jarðvegsbakteríur af mörgum tegundum sem finnast í einhverjum mæli í öllum jarðvegsgerðum.

Nýlega birtist grein í vísindaritinu Forest Science eftir Kanadamann að nafni C.P. Chanway (1997 For.Sci.43(1):99-112) þar sem fjallað er um vaxtaraukandi jarðvegsbakteríur. Þar er sagt frá því að þessar bakteríur geti valdið mjög miklum vaxtarauka á trjátegundum og fjallað um hvernig þær fara að því. Sumar tegundir jarðvegsbaktería virðast örva vöxt plantna með því að gefa frá sér plöntuhormón, sumar vernda rætur gegn sýklum og enn aðrar binda köfnunarefni úr andrúmsloftinu. Í greininni er einnig fjallað um möguleika á notkun jarðvegsbaktería í plöntuuppeldi.

Virgni þessara baktería hér á landi er lítið sem ekkert rannsókuð og þess vegna ekkert hægt að fullyrða um þátt þeirra í „kraftaverkinu“ með lerkjó. Þó gæti verið að þarna sé skýringanna að leita á velgengni lerkisins í mjög rýru landi.

Þröstur Eysteinnsson,  
fagmálastjóri Skógræktar ríkisins.

**leaky pipe**

## VÖKVUNARSLANGAN

Hraðar vexti trjáa, limgerða og skjólbelta með sívökun.  
Áhyggjur vegna þurrka og erfiður vatnsburður á braut.

Leaky Pipe vökvunarslangan er þekkt um allan heim sem íslensk gæðaframleiðsla. Slangan er afrakstur margra ára þróunar og rannsókna á því, hvernig ná má hámarksuppskeru og gæðum á stystum tíma með rétttri vökun. Leaky Pipe vökvunarslangan er framleidd úr endurunnum hjólbörðum og endist við rétta notkun í áraræði.

**ECOLINE ehf**  
Sunnumörk 4, 810 Hveragerði  
sími 483 4670, fax 483 4970

GLÆSILEGT  
ÚRVAL  
AF HELLUM  
OG STEINUM.  
ENDALAUSIR  
MÖGULEIKAR.

**STÉTT**

Hyrjarhöfði 8  
sími: 577 1700  
fax: 577 1701

# Ferð til Skotlands í haust

Líklega eru skógræktarskilyrði óviða líkari okkar en á skóglausum lendum Skotlands. Þar hafa menn tekist á hendur umfangsmikið uppbyggingarstarf eyddra skóga undanfarinna alda með kröftugri nýskógrækt samhliða verndun skógarleifa landsins. Einnig er þar fjölbreytt náttúra og lítrikt mannlíf, sem gerir Skotland að afar áhugaverðu ferðamannalandi.

Skógræktarfélag Íslands hyggst gangast fyrir kynnisferð til Skotlands í haust. Tekist hefur samstarf við systurfélag okkar í Skotlandi, The Royal Scottish Forest Society (Skoska skógræktarfélagið) og munu þeir sjá um skipulagningu ferðarinnar.

Stefnt er að vikulangri ferð í lok september/byrjun október með hóp Íslendinga undir íslenski leiðsögn þar sem skoða á skóga og náttúru víðs vegar í Skotlandi. Hugmyndin er að kynnisferðin taki 4-5 daga en síðan gætu þátttakendur haft lausa helgi í Glasgow/Edinburg að henni lokinni. Ekki er komin dagskrá fyrir ferðina, né heldur verð en stefnt verður að því að halda öllum kostnaði í lágmarki.

Ferðin er opin öllum og áhugasömum er bent á að hafa samband við Jón Geir Pétursson hjá Skógræktarfélagi Íslands, s. 551-8150, til að nálgast frekari upplýsingar.

## Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins:

Silfurstjarnan hf  
Skagstrendingur hf  
Skalli-Shellstöðin Selfossi  
Skinney  
Skípa & umboðsþjónustan  
Skjanni hf  
Skógrækt með Skeljungu  
Skógræktarstöðin Ölu  
Slátursamsala Skagfirðinga  
Slökkvitækjaþjónusta Vestmannaeyja  
Smurstöð Akraness sf  
Sparisjóður Bolungarvíkur  
Sparisjóður Mýrasýslu  
Sparisjóður Strandamanna  
Sparisjóður Önundarfjarðar  
Sterkur ehf  
Svæðisskrifstofa Norðurlands vestra  
Táknafjarðarhreppur  
Tengill sf  
Topphestar sf  
Tréiðja Akraness  
Trésmiðja Guðna Þórarinssonar  
Trésmiðja Helga Gunnarsson ehf  
Trésmiðja Práins E. Gíslasonar  
Trésmiðjan Borg hf  
Trésmiðjan Einir sf  
Trésmiðjan Kjölur  
Tréverk  
Tækniþjónustan ehf  
Tölvuverk hf  
Umhverfiseild Akureyrarbæjar  
Útgerðarfélagið Röðull  
Verkalýðsfélag Borgarness  
Verkalýðsfélagið Vörn  
Verkfræðiþjónusta Akraness ehf  
Verzlunin Arnhöll  
Verzlunin Hrud  
Véla & bílaþjónusta Kristjáns  
Vélaleiga Sigga Þórs  
Vélaverkstæði Sigurðar Sigurðssonar  
Videóhornið - Selfossi  
Vinnuvélar Símonar  
Vík ehf trésmiðja  
Vík sf  
Vökvalagnir ehf  
Vörumiðlun ehf  
Þórsberg -útgerð & fiskvinnsla  
Þórshafnarhreppur  
Örvi ehf



## Umhverfið

– fréttabréf umhverfisaráðuneytisins

<http://www.mmedia.is/umhverfi/>



Zinck-Lytsbro  
sumar 97  
Þú þekkir litinn!  
K. Þorsteinsson & Co.  
Umboðsmenn á Íslandi



BECK'S  
HÚSASMIÐJAN  
RJC  
ROLF JOHANSEN & COMPANY  
TOYOTA  
VÍRNET



# LÉTTU ÞÉR STÖRFIN

## GARÐAPLAST

Garðaplast fæst í eftirtöldum litum og breiddum:

Hvitt - svart - glært.  
1,4 m - 1,8 m - 2 m.



## GRÓÐURPOKAR

Gróðurpokar fást í eftirtöldum stærðum:  
1/2 - 1 1/2 - 3 lítra.



## GRÆNMETISPOKAR

Ápentaðir grænmetispokar í 3 stærðum:  
3 kg - 5 kg og 6 kg



## SORPPOKAR

Þessir svörtu og stærku. Ómissandi við alla garðhirðu og sorpsöfnun.



## VERSLIÐ HJÁ YKKAR FÓLKI Í PLASTOS

## PLASTHANSKAR

Einnota plasthanskar. Ódýr og hreinleg lausn í moldina.



**Plastos**

SUÐURHRAUNI 3 • 210 GARÐABÆ  
KRÓKHÁLSI 1 • 110 REYKJAVÍK

*feti framar*

SÍMI: 555-6500 • FAX: 555-6501 • UMBÚÐAÐEILD  
SÍMI: 567-8888 • FAX: 567-8889 • TÆKJA OG LÍMMIDAÐEILD

PLASTOS '97

# Þér stendur til boða

ráðgjöf sérfræðinga um garða- og gróðurækt



Vönduð gróðurhús



Hvar og hvernig á að nota áburð og fræ?



Garðverkfæri

Jurtalyf gegn plöntusjúkdómum, skordýrum og óþrifum

á trjám



Gosbrunnar, dælur, vatnsheldir dúkar, stútar og fleira sem til þarf

Er mosi í grasflötinni þinni?

RÁÐGJÖF SÉRFRÆÐINGA  
UM GARÐ- OG GRÓÐURÆKT



**GRÓÐURVÖRUR**

VERSLUN SÖLUFÉLAGS GARÐYRKJUMANNA  
Smíðjuvegi 5, Kópavogi, sími: 554 3211

# Handbók um skaðvalda á trjágróðri og varnir gegn þeim

eftir Guðmund Halldórsson & Halldór Sverrisson

Fjallað er á einfaldan og aðgengilegan hátt um heilbrigði trjágróðurs, helstu orsakir skemmda, sjúkdóma og meindýr og hæfni vistkerfisins til að halda skaðvöldum í skeffum. Greinargóðar lýsingar á helstu skaðvöldum á trjágróðri og vörnum gegn þeim.


Veðurfarskaðar — Smitskaðvaldar — Meindýr — Plöntusjúkdómar — Varnaraðgerðir — Fyrirbyggjandi aðgerðir — Varnir trjákenndra plantna — Nytsamar lifverur — Grotverur — Samlífsvörur — Náttúrlegir óvinir — Næring — Skaðvaldar á greni, furu, lerki, birki, elvi, víði og ösp — Skaðvaldar á ýmsum trjám, runnum og lyngi — Skaðvaldar á unglöntum

Í bókinni er höfuðáhersla lögð á að benda á þá þætti í umhverfinu sem máli skipta fyrir heilbrigði trjágróðurs. Þetta er meginefni fyrsta hluta hennar og þar geta lesendur fræðst um vaxtarkjör plantna og ýmsa lífræna þætti sem mikilvægt er að kunna skil á. Auk þess á bókinn að auðvelda fólki að greina sjúkdóma, meindýr og önnur vandamál sem upp koma við trjárækt og bregðast rétt við þeim.

Í öðrum hluta bókarinnar má fletta upp einstökum tegundum eða atkvíslum og lesa þar um þá smitskaðvalda sem tegundinni er hættast við, sem og varnir gegn þeim. Almenn umfjöllun um varnaraðgerðir er síðan aftast í bókinni.



Höfundarnir, dr. Halldór Sverrisson plöntusjúkdómafræðingur og dr. Guðmundur Halldórsson skordýrafræðingur, eru í hópi virtustu sérfræðinga á sínu sviði.



Bókauitgáfan Iðunn, Bræðraborgarstig 16, sími 552 8555